

Reykjavík, 19. september 2014

Fundargerð 136. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 19. september 2014 var haldinn 136. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Haraldur Líndal Haraldsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri og Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Páll Jensson, prófessor í HR, sat fundinn undir lið 1.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Mönnun sjúkraflutninga og slökkviliða

Páll Jensson, prófessor frá Háskólanum í Reykjavík, kynnti skoðun sína á gögnum SHS um útköll árið 2013, með tilliti til mönnunar sjúkraflutninga á forsendum biðraðafræða.

Afgreiðsla: Kynning, lögð verður fyrir stjórn greinargerð varðandi frekari skoðun á samnýtingu sjúkraflutninga og slökkviliðs.

2. Samningar við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga

Samninganefnd SHS, Haraldur Sverrisson, Birgir Björn Sigurjónsson og Jón Viðar Matthíasson, fór yfir stöðu mála í samningaviðræðum SHS og Sjúkratrygginga Íslands vegna langtímasamnings um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og uppgjörs vegna tímabilsins 1. janúar 2012 til 30. júní 2014 hins vegar.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Reglugerð um starfsemi slökkviliða

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir umsögnum um tillögu MVS að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða, sem kveðið er á um í 11. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Á fundinum var farið yfir helstu þætti í reglugerðinni sem gætu haft áhrif á starfsemi SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ósk um umsögn um tillögu MVS að reglugerð, dags. 1. september 2014.
- Reglugerð um starfsemi slökkviliða, drög, dags. 30. júní 2014.
- Minnisblað; Umsögn um reglugerð um starfsemi slökkviliða, dags. 17. sept. 2014.

Afgreiðsla: Kynning, slökkviliðsstjóri mun senda drög að umsögn á sveitarfélögin.

4. Fjárhagsáætlun 2015

Jón Viðar gerði grein fyrir fjárhagsáætlun SHS fyrir árið 2015.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fjárhagsáætlun SHS 2015, dags. 19. september 2014.

Afgreiðsla: Frestað vegna óvissu um samningana um sjúkraflutningana.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega


Fundi slitið klukkan 09:30

Fylgiskjöl:

- Fjárhagsáætlun SHS 2015, dags. 19. september 2014.
- Ósk um umsögn um tillögu MVS að reglugerð, dags. 1. september 2014.
- Reglugerð um starfsemi slökkviliða, drög, dags. 30. júní 2014.
- Minnisblað; Umsögn um reglugerð um starfsemi slökkviliða, dags. 17. september 2014.




Dagur B. Eggertsson



Armann Kr. Ólafsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Gunnar Einarsson



Haraldur Sverrisson



Haraldur Lindal Haraldsson